

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar vegna kirkjugarðs og íbúðarbyggðar við Brimnes.

Skipulagsstofnun staðfesti 24. september 2025 breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 15. maí 2025.

Í breytingunni felst að óbyggt svæði (303 ÓB) er felld út og á svæðinu er annars vegar skilgreindur kirkjugarður og grafreitir (303 K) og hins vegar íbúðarbyggð (331 ÍB). Reitir fyrir opin svæði (OP 330 og OP 157) minnka lítillega. Einnig breytist afmörkun þéttbýlismarka til samræmis við afmörkun kirkjugarðs og grafreits.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 24. september 2025.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 9. október 2025